

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 24. mars 2026

Mál nr. S-268/2026:

Héraðssaksóknari

(Sigurður Ólafsson saksóknari)

gegn

Ali Aoudia,

(Guðmundur St. Ragnarsson lögmaður)

Higor De Souza Bernardo og

(Stefán Karl Kristjánsson lögmaður)

Marco Antonio Raizer Marafon

(Jón Bjarni Kristjánsson lögmaður)

Dómur

- Mál þetta, sem dómtekið var 4. mars 2026, var höfðað með ákæru, útgefni af héraðssaksóknara 15. janúar 2026, á hendur Ali Aoudia, fæddum [...], ríkisborgara [...], Higor De Souza Bernardo, fæddum [...], ríkisborgara [...], og Marco Antonio Raizer Marafon, fæddum [...], ríkisborgara [...], „fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot, með því að hafa staðið saman að innflutningi á og haft í vörslum sínum 9000 ml af kókaínbasa, með 46–47% styrkleika, ætluðu til söludreifingar hér á landi í ágóðaskyni en efnin voru falin í tveimur rauðvínskössum sem fluttir voru í bifreið af gerðinni Peugeot 3008, með skráningarnúmerið [...], sem ákærði Ali kom með til Seyðisfjarðar þann 12. nóvember 2025, sem farþegi með farþegaferjunni Norrænu frá Hirtshals í Danmörku með viðkomu í Þórshöfn í Færeyjum, en lögregla lagði hald á fíkniefnin eftir komu hingað til lands og skipti út fyrir gerviefni áður en bifreiðin var afhent Ali, sem síðan afhenti meðákærða Higor efnin laugardaginn 15. nóvember 2025, skammt frá Eyja hóteli við Brautarholt 10 í Reykjavík, í því skyni að efnin yrðu unnin frekar, og var Higor sóttur stuttu síðar af meðákærða Marco á bifreiðinni [...] og voru þeir handteknir skömmu síðar með gerviefnin.

Telst þetta varða við 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Jafnframt er krafist upptöku á 9000 ml af [kókaíni] ásamt REDMI farsíma og tveimur

Apple farsínum, sbr. 6. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 1. mgr. 69. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940.“

2. Ákærði Ali Aoudia krefst aðallega sýknu en til vara er krafist vægustu refsingar er lög framast heimila og að gæsluvarðhaldsvist ákærða komi að fullu til frádráttar dæmdri refsingu. Þá er þess krafist að kröfu um upptöku á síma ákærða verði hafnað. Verjandi ákærða krefst enn fremur hæfilegra málsvarnarlauna að mati dómsins sem greiðist úr ríkissjóði.
3. Ákærði Higor De Souza Bernardo krefst aðallega sýknu en til vara vægustu refsingar er lög framast leyfa og að gæsluvarðhaldsvist ákærða komi að fullu til frádráttar dæmdri refsingu hans. Þá er þess krafist að hafnað verði kröfu ákærvaldsins um að sími ákærða verði gerður upptækur. Verjandi ákærða krefst enn fremur hæfilegra málsvarnarlauna sér til handa og að þau greiðist úr ríkissjóði.
4. Ákærði Marco Antonio Raizer Marafon krefst aðallega sýknu en til vara vægustu refsingar er lög framast heimila og að gæsluvarðhaldsvist ákærða komi að fullu til frádráttar dæmdri refsingu hans. Þá er þess krafist að kröfu um upptöku á síma ákærða verði hafnað. Loks krefst verjandi ákærða hæfilegra málsvarnarlauna að mati dómsins sem greiðist úr ríkissjóði.

I *Málsatvik*

5. Upphaf málsins má rekja til komu bifreiðarinnar [...], af gerðinni Peugeot 3008, sem skráð var í Frakklandi, hingað til lands 12. nóvember 2025, nánar tiltekið til Seyðisfjarðar, með ferjunni Norrænu. Skráður ökumaður bifreiðarinnar var ákærði Ali Aoudia, en samkvæmt Evrópsku ökutækjaskránni hafði enginn verið skráður eigandi bifreiðarinnar frá árinu 2021. Við tollaleit í bifreiðinni, sem framkvæmd var í kjölfar greiningarvinnu yfirvalda hér á landi, fundust rauðvínskassar, öðru nafni rauðvínsbeljur, í kælitösku, sem innihéldu alls 9000 ml af kókaínvökva, þ.e. annars vegar 5000 ml og hins vegar 4000 ml. Voru fíkniefnin nánar tiltekið falin í álpokum innan í rauðvínsumbúðum úr pappa og látið líta svo út sem um rauðvín væri að ræða. Kókaínið var fjarlægt og gerviefni sett í staðinn. Eftirfarar- og hlustunarútbúnaði var sömuleiðis komið fyrir í bílnum samkvæmt dómsúrskurði. Var ákærða Ali að því búnu hleypt inn í landið. Hélt ákærði för sinni áfram á bifreiðinni en lögregla fylgdist með ferðum hans.

6. Dagana 12.–14. nóvember 2025 ferðaðist ákærði Ali frá Seyðisfirði til Akureyrar og í framhaldi af því til Reykjavíkur. Að morgni 15. nóvember ók ákærði frá Hótel Natura að gatnamótum Traðarholts og Brautarholts í Reykjavík, þar sem hann hitti mann með gulan innkaupapoka, en lögregla fylgdist með. Umræddur maður reyndist vera meðákærði Higor De Souza Bernardo, en lögregla vissi ekki á þeim tíma hver maðurinn var. Ákærðu Ali og Higor heilsuðust er þeir hittust, Ali opnaði farangursgeymslu bifreiðarinnar og þeir tóku umbúðirnar með gerviefninu og færðu þær í innkaupapoka Higors. Að því loknu kvöddust ákærðu Ali og Higor með tilteknu handabandi, sem lögreglu þótti benda til að þeir þekktust.
7. Lögregla fylgdi ákærða Higor eftir þar sem hann gekk með innkaupapokann með gerviefnunum upp Traðarholt, á bakvið fjölbýlishús og um bifreiðastæði í átt að Stúfholti og þaðan upp að Skipholti þar sem hann nam staðar. Á meðan á göngu Higors stóð ók ákærði Ali framhjá honum og áfram að Hótel Natura, en lögregla fylgdist með þeim báðum. Ákærði Higor nam staðar við gatnamót Stúfholts og Skipholts þar sem hann var skömmu síðar tekinn upp í bifreiðina [...], eftir að ákærði Higor hafði sett innkaupapokann með gerviefnunum í farangursgeymslu þeirrar bifreiðar.
8. Lögregla fylgdi bifreiðinni [...] eftir þar sem henni var ekið niður Stúfholt að Brautarholti, þaðan um Ásholt að Laugavegi, eftir Laugavegi að Nóatúni og svo niður Nóatún, að Hátúni og eftir þeirri götu í átt að Katrínartúni, þar sem akstur bifreiðarinnar var stöðvaður af lögreglu. Voru tveir karlmenn jafnframt handteknir, ákærði Higor og bílstjóri bifreiðarinnar, sem reyndist vera ákærði Marco Antonio Raizer Marafon. Gerviefnin fundust í farangursgeymslu bifreiðarinnar.
9. Í samtali lögreglu við ákærðu Higor og Marco eftir handtöku þeirra kom fram að þeir dveldu í Airbnb-íbúð við Bríetartún í Reykjavík. Heimilaði ákærði Higor sem leigutaki þeirrar íbúðar leit lögreglu í íbúðinni. Ákærði Ali var jafnframt handtekinn á Hótel Natura og leit gerð í herbergi hans. Húsleit var í framhaldi af þessu gerð í fyrrnefndri Airbnb-íbúð. Hald var jafnframt lagt á farsíma allra ákærðu ásamt fleiri munum og heimiluðu ákærðu leit lögreglu í þeim.
10. Við rannsókn málsins kom í ljós að ákærðu Higor og Marco höfðu ferðast hingað til lands daginn áður, 14. nóvember 2025, frá Mílanó á Ítalíu, en þeir komið frá sitt hvorri borginni á Spáni, Marco frá Malaga en Higor frá Barcelona. Eftir komu hingað til lands hafi þeir ekið frá Keflavík á bílaleigubíl með skráningarnúmerið [...], sem

Marco hafði leigt, að Airbnb-íbúðinni við Bríetartún, sem Higor hafði leigt. Þeir hafi bæði að kvöldi sama dags og morguninn eftir, daginn sem þeir voru handteknir, farið í matvöruverslun og Higor farið þaðan til að hitta meðákærða Ali.

11. Í gögnum málsins er meðal annars lýst samskiptum manns sem kom fram undir dulnefninu Albert Einstein, annars óþekkts manns sem gekk undir dulnefninu Mad Drugs og ákærða Higors, sem í samskiptunum var nefndur Rivo Trill, á spjallþræði á dulkóðaða samskiptaforritinu Signal, en hópurinn var þar nefndur Grupo House. Áttu þau samskipti sér meðal annars stað 12. nóvember 2025 en þá ræddu þessir aðilar leit í bifreið ákærða Ali. Greindi Albert meðal annars frá því að „þeir“ ætluðu að leita í allri bifreiðinni en myndu ekki finna neitt. Var bifreiðin þá komin í hendur tolfyrivalda hér á landi. Eftir að bifreiðin hafði verið afhent ákærða Ali á ný sendi Albert skilaboð á hópinn um að skipið væri lent.
12. Samkvæmt gögnum málsins átti Albert Einstein sömuleiðis samskipti við ákærða Ali 12. og 14. sama mánaðar, í gegnum samskiptaforritið Signal, þar sem ákærði Ali gaf Alberti síðari daginn upp herbergisnúmer sitt á hótelinu og kvaðst vera þreyttur eftir langa ökuferð. Sama dag, 14. nóvember 2025, lét ákærði Higor Albert Einstein og Mad Drugs vita af því að „þeir“ væru komnir í heilaga landið. Albert sendi Higor skjámynd af gististað meðákærða Alis og sagði Higor að þeir ættu að hitta [Ali] kl. 11:00 morguninn eftir, þar sem Ali væri nýkominn og væri mjög þreyttur.
13. Hinn 15. nóvember 2025 sendi ákærði Higor skilaboð á Grupo House-hópinn á Signal, bauð góðan daginn og sagði „förum í þetta af krafti“. Higor greindi einnig frá því að hann væri að hugsa um að bóka annað Airbnb til að rugla viðskiptavininn og ekki flagga „þessu“ heimilisfangi af því að það væri mjög þægilegt þar. Það væri best að brenna sig ekki inni. Því svaraði Albert Einstein með „ok“ og „flott“ og sagði „þeim“ að passa sig, sem væri alltaf gott. Því samsinnti ákærði Higor.
14. Albert Einstein bjó til annan samskiptahóp á Signal sem hann bauð ákærða Ali inn í 15. nóvember 2025, en í hópnum voru Albert sjálfur, ákærði Ali og ákærði Higor. Greindi Ali hópnum meðal annars frá því kl. 10:16 þennan morgun að innan við 10 mínútur væru í að hann yrði á staðnum. Meðákærði Higor bað Ali um að láta vita þegar hann væri fimm mínútum frá staðnum. Higor sendi skilaboð kl. 10:30 og sagðist vera að leggja af stað og bað Ali um að senda sér mynd. Ákærði Ali sendi hópnum skilaboð með ljósmynd af Eyja hóteli. Níu mínútum síðar, kl. 10:39 um

morguninn, sendi Higor svohljóðandi hljóðskilaboð á Grupo House-hópinn á Signal: „Þetta er komið til mín, við förum aftur að vinna. Ég lét gamla fara, ok? Af því að „frændi“ vill ekki hafa neinn þarna og hann sagði að það væri best að taka göngutúr á götunni til að flagga ekki neitt, og hér erum við allir „fjölskylda“.“ Var Higor skömmu síðar tekinn upp í bifreiðina [...], sem meðákærði Marco ók.

15. Meðal gagna málsins er skýrsla lögreglu um hlerað samtal ákærðu Alis og Higors er Ali afhenti Higor ætluð fíkniefni 15. nóvember 2025. Sagði Higor Ali meðal annars að vinur hans ætlaði að bíða eftir honum og að þeir ætluðu að hefja vinnu. Kvaðst Higor ætla að fara að vinna og að hann myndi senda hópnum skilaboð. Ali spurði hvort hann ætti að fara aftur á hótelið. Higor svaraði að hann skyldi gera það sem hann vildi gera. Ali kvaðst hafa fengið fyrirmæli um að fara með Higor en því neitaði Higor og sagði það betra. Ali svaraði: „Ekkert mál, bara útaf því þetta eru fíkniefni ...“ Viðbrögð Higors við því voru: „Nei, nei, þar er bara ég og þessi gaur, vinnum saman ...“ Samskiptum þeirra lauk með því að Higor kvaðst ætla að senda Ali skilaboð um kvöldið.
16. Gögn málsins hafa einnig að geyma skýrslu lögreglu um samskipti ákærðu Higors og Marcos á samskiptaforritinu WhatsApp. Má þar meðal annars sjá hvernig ákærðu mæltu sér mót á flugvellingum í Mílanó þann 14. nóvember 2025. Þá er þar einnig að finna samskipti þeirra á milli frá 15. sama mánaðar, eftir að Higor hafði yfirgefið Marco í matvöruverslun í Skipholti og haldið til fundar við meðákærða Ali. Sendi Higor Marco, sem hann nefndi frænda, meðal annars hljóðskilaboð um að „son of a bitch“ hefði stöðvað þremur götum fyrir neðan. Marco svaraði og sagði Higor að vera rólegur, hann myndi bíða eftir honum. Higor sendi Marco staðsetningarpílu og sagði honum hvar hann gæti tekið hann upp en kvaðst síðan ætla að hitta hann fyrir framan matvöruverslunina.
17. Samkvæmt gögnum málsins voru ákærðu Higor og Marco handteknir kl. 10:46 að morgni 15. nóvember 2025 og ákærði Ali kl. 11:10 sama dag. Hafa allir ákærðu setið í gæsluvarðhaldi frá þeim degi.
18. Ákærðu gáfu skýrslur við aðalmeðferð málsins. Auk þeirra gáfu skýrslur tollvörður og lögreglumenn sem komið höfðu að meðferð málsins á rannsóknarstigi þess,

sérfræðingur Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og verkefnastjóri hjá Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði. Verða framburðir þeirra raktir að því marki sem þeir þykja hafa þýðingu varðandi úrlausn málsins.

II

Framburður ákærðu og vitna fyrir dómi

19. Við skýrslugjöf fyrir dómi kvaðst ákærði Ali Aoudia aðeins ætla að greina frá í frjálstri frásögn og svara spurningum frá verjanda sínum. Hann myndi hins vegar ekki svara spurningum frá öðrum. Ákærði kvaðst ekki hafa haft hugmynd um hvað um ræddi. Hann hefði fengið vín að gjöf og verið beðinn um að fara með það til Íslands og afhenda það manni þar. Tollskoðun hafi tekið fjórar klukkustundir og hann haft áhyggjur. Maður hafi haft samband við hann á hóteli og útskýrt hvað þetta væri en hann þyrfti ekki að hafa nokkrar áhyggjur. Ákærði kvaðst hins vegar hafa haft áhyggjur af því hvaða afleiðingar þetta hefði fyrir sig og börnin sín og séð eftir þessu. Þetta væri í fyrsta skipti sem hann kæmi fyrir dóm. Hann hafi hugsað sér að koma til Íslands í 15 daga frí og fara svo aftur. Hann hafi velt því fyrir sér að henda því sem hann hafi komið með en ákveðið að gera það sem honum hafi verið sagt að gera.
20. Nánar aðspurður af verjanda sínum staðfesti ákærði að hann hefði haft óljósan grun um að eitthvað væri ekki eins og það ætti að vera en hann ekki vitað hvað. Ákærði kvaðst eiga tvö börn, annað í háskóla en hitt við það að ljúka framhaldsskóla. Þau hjónin byggju ekki saman en hann ræki kvenfataverslun og hefði gert í 20 ár. Þá sagðist ákærði styðja börn sín fjárhagslega. Ákærði kvaðst sjá eftir þessu öllu saman.
21. Ákærði Marco Antonio Raizer Marafon kvaðst fyrir dómi hafa verið búinn að þekkja meðákærða Higor í um það bil fjögur ár er umræddir atburðir gerðust. Kvaðst hann þekkja hann frá líkamsræktarstöð í Barcelona, sem þeir báðir sæktu, auk þess sem Higor væri vinur sonar síns. Marco kvaðst hafa lýst áhuga á að heimsækja Ísland og Higor þá sagt að hann hefði komið nokkrum sinnum til Íslands. Hafi Higor jafnframt boðist til að láta Marco vita næst þegar hann færi til Íslands þannig að þeir gætu deilt kostnaði.
22. Marco lýsti því fyrir dómi að þeir Higor hafi komið til Íslands í nóvember með sömu flugvél. Ákærði hafi flogið frá Malaga til Mílanó og hitt Higor þar og þeir síðan flogið með sömu flugvél til Íslands. Marco kvaðst hafa leigt bílaleigubíl þar sem meðákærði Higor keyri ekki. Marco hafi ætlað að koma seint á föstudegi og fara af

landi brott á þriðjudegi. Ákærði kvaðst búa í [...] en hann ætti [fjölskyldumeðlimi] í Malaga, sem skýrði það hvers vegna hann hefði verið að koma þaðan. Hann hefði ásamt eiginkonu sinni ætlað til Brasilíu en hún hefði hætt við að fljúga með honum til Íslands.

23. Ákærði kvað þá Higor hafa leigt Airbnb-íbúð og hann átt að greiða helming leigunnar. Eftir komu hingað til lands hafi þeir byrjað á því að fara í matvöruverslun til að kaupa mat og hreinlætisvörur og svo farið í íbúðina. Næsta dag hafi þeir vaknað og farið út að ganga. Þeir hafi beðið þar til matvöruverslunin opnaði á ný þar sem þá hafi vantað hreingerningarefni til að þvo potta og pönnur. Meðan þeir hafi verið inni í versluninni hafi Higor farið út þar sem hann hafi heyrt í vini sínum. Ákærði kvaðst hafa keypt vörurnar og beðið í bílnum eftir Higor, sem hafi sent honum textaskilaboð með upplýsingum um hvar hann væri. Hann hafi beðið hann um að koma þangað og sækja sig. Hann hafi tekið hring og sótt meðákærða, sem hafi verið með eitthvað sem hann hafi sett í farangursgeymslu bifreiðarinnar. Um 700 metrum frá hafi fjórir lögreglubílar stöðvað þá, handtekið þá, tekið símann og beðið um leyninúmer símans, sem ákærði kvaðst hafa gefið. Ákærði kvaðst hvorki hafa vitað um né séð hvað sett hafi verið inn í bílinn til hans og hann viti ekki enn hvað það hafi verið. Hann hafi verið í einangrun og setið í fangelsi, ekki fengið lyfin sín um tíma og kona hans hafi fyrst fengið að vita af honum átta dögum eftir handtöku, í gegnum sendiráðið í Noregi.
24. Ákærði lýsti því að í [...] og á [...] væri eðlilegt að yngri karlmenn kölluðu eldri menn frændur, sem skýrði það hvers vegna meðákærði Higor vísaði til hans sem frænda. Ákærði kvaðst hafa vitað að Higor ætti vin eða kunningja á Íslandi en hann hafi ekki vitað hvort það væri karl eða kona. Hann vissi að Higor hafi ætlað að vera hér á Íslandi vegna þess. Nánar aðspurður kvaðst ákærði hafa kynnst meðákærða Ali fyrst í fangelsi eftir að hann losnaði úr einangrun. Hann kvaðst hins vegar hvorki þekkja Albert Einstein né Mad Drugs. Þau sem hefðu vitað að hann færi til Íslands væru konan hans og fjölskylda.
25. Ákærði sagði að þeir Higor hefðu farið snemma í matvöruverslunina svo þeir hefðu tíma til að skoða Ísland. Hann hefði fyrst fengið að vita það er hann hafi verið inni í matvöruversluninni að meðákærði Higor ætlaði að hitta einhvern, sem ákærði kvaðst ekki hafa vitað hver væri. Marco kvaðst hafa sagt við Higor að hann skyldi fara en að hann myndi bíða eftir honum. Higor hafi svo sent honum skilaboð og sagt honum

að sækja sig í götuna á bak við búðina, sem væri lítil og róleg gata. Marco kannaðist aftur á móti ekki við framburð sinn hjá lögreglu um að hann hefði ekki vitað hvort Higor hafi ætlað að hitta einhvern.

26. Ákærði kvaðst sem fyrr segir hvorki hafa vitað né séð hvað Higor hafi komið með og sett í farangursgeymslu bifreiðar þeirra er hann hafi komið aftur eftir að hafa farið í burtu, en ákærði hefði þá setið inni í bílnum. Ákærði kvaðst ekki hafa fengið að vita fyrir en í annarri skýrslutöku að um fíkniefni væri að ræða. Ákærði kvaðst hins vegar hafa endurtekið það í annarri skýrslutöku sem hann hafi sagt í fyrri skýrslutöku. Það væri hins vegar ekki rétt, sem fram hafi komið í skýrslu Higers hjá lögreglu, að hann og Marco hefðu átt að vinna efnin og þau síðan átt að fara annað. Ákærði kvaðst ekki vita hvers vegna Higor hefði sagt þetta og ekki gera sér grein fyrir því um hvaða vinnu Higor væri að ræða.
27. Ákærði Higor De Souza Bernardo greindi frá því fyrir dómi að hann hefði þekkt Marco í nokkurn tíma, sem og son hans. Hann hefði hins vegar ekki þekkt meðákærða Ali áður. Ákærði kvaðst hafa æft jiu jitsu með syni Marcos og þeir allir æft í sömu líkamsræktarstöð í Barcelona. Ákærði kvaðst hafa byrjað að kalla meðákærða Marco frænda þar sem hann bæri mikla virðingu fyrir honum. Þeim þyki báðum gaman að ferðast og ákærði hafi ferðast til um 30 landa. Vinur ákærða hafi sagt honum að hann þyrfti hjálp við eitthvað á Íslandi og hann samþykkt að hjálpa. Hann hafi þá hugsað til Marcos og ákveðið að bjóða honum með til Íslands þar sem hann hafi lýst áhuga á landinu. Marco hafi verið mjög spenntur að koma með og spurt hvenær það yrði. Hann hafi ekki vitað hvenær, þar sem hann hefði átt eftir að fá að vita það frá vini sínum. Svo hafi dagurinn komið er hann hafi fengið betri upplýsingar og hann látið Marco vita. Gott hafi verið að fá Marco með þar sem hann keyri ekki sjálfur og allra síst í snjó. Þá væri Marco eldri en hann og þeir hefðu getað deilt kostnaði við ferðina. Fyrir Marco hafi það einnig verið gott þar sem hann tali ekki ensku og ákærði því getað túlkað. Ákærði kvaðst ekki hafa gefið Marco nákvæmar upplýsingar um það hvers vegna hann væri að fara til Íslands.
28. Ákærði kvað vin sinn hafa sett sig í samband við aðra manneskju og hópur verið búinn til. Ákærði kvaðst þekkja Albert Einstein, sem hafi sagt honum að vera rólegur. Hann hafi sagt honum að hann ætti að taka á móti pakka og geyma hann í tvo daga og svo afhenda hann einhverjum sem byggji á Íslandi en væri ekki á landinu á þessum tíma. Hann hafi vitað að það væru verðmæti sem hann þyrfti að geyma en honum

hafi verið sagt að hann þyrfti ekki að hafa áhyggjur af því. Haft yrði samband við hann síðar. Ákærða kvaðst hafa grunað að um fíkniefni gæti verið að ræða, svo sem MDMA, en hann hafi ekki vitað að um kókaín væri að ræða. Hefði hann vitað það hefði hann ekki komið nálægt því þar sem hann væri mikið á móti kókaíni og fólk í fjölskyldu föður hans hefði misnotað kókaín.

29. Ákærði greindi frá því að næsta dag eftir komu þeirra Marcos til Íslands hafi hópurinn haft samband við sig og hann sagt að þeir gætu hist þar sem Marco langaði að fara í matvöruverslun þar sem þeir hafi komið að óhreinum pottum og pönnum í Airbnb-íbúðinni og hann tekið mynd af þeim. Ákærði kvaðst hafa sent hópnunum upplýsingar um staðsetningu verslunarinnar. Ákærði kvaðst hafa fyrri reynslu af óhreinindum í Airbnb-íbúð og þá ekki gert neitt en verið rukkaður eftir á. Hann hafi því viljað taka mynd til sönnunar. Þeir Marco hafi svo farið í matvöruverslun svo að Marco gæti keypt hreingerningarefni til að þrifa og hann keypt smá til að borða. Hann kvaðst hafa sagt Marco að hann myndi hitta vin fyrir utan en ekki viljað segja meira svo hann stressaði Marco ekki meira.
30. Ákærði kvaðst hafa farið að hitta meðákærða Ali um tveimur götum fyrir aftan matvöruverslunina og tekið á móti því sem hann hafi átt að taka á móti. Þeir hafi talað saman stuttlega og hann svo farið í burtu. Ástæða þess að hann hafi sagt að þetta væri róleg gata væri sú að Marco talaði ekki ensku, mikill snjór hefði verið á götunni og hann ekki viljað stressa hann. Ákærði kvaðst hafa spurt Marco hvort þeir gætu sett pakkann í íbúðina áður en þeir færu að skoða landið og hann samþykkt það. Þeir hafi þá verið stöðvaðir.
31. Ákærði kvað fimm lögreglumenn hafa tekið hann með afli úr bílnum og handtekið hann þrátt fyrir að hann hafi ekki streist á móti. Honum hafi verið hent í jörðina og hann slasast á öxl við það. Síminn hafi verið tekinn af honum og hann beðinn um aðgangsnúmer á lögreglustöðinni, sem hann hafi gefið. Þeir hafi verið færðir fyrir dóm og svo ekið á Hólmsheiði þar sem þeir hafi verið í einangrun. Ákærði kvaðst þjást af þunglyndi og kvíða en hann hafi ekki fengið aðgang að lyfjum sínum í einangruninni.
32. Ákærði kvaðst hafa fengið kvíðakast í annarri skýrslutökunni og þurft aðstoð. Á meðan skýrslutakan hafi verið í gangi hafi lögreglumaður ekki trúað honum vegna skilaboða í símanum. Hann hefði byrjað að spyrja hvernig yrði unnið með efnin

vegna mynda af pottum og pönnum í símanum. Ákærði bar að lögreglumaðurinn hefði þvingað hann tvisvar á meðan hann hafi verið í skýrslutökunni til að hafa áhrif á framburð hans, til að fá það sem hann vildi heyra. Hlutir sem hann hafi átt að hafa sagt um Marco hafi hann aldrei talað um en lögreglumaðurinn hafi þvingað hann í seinna skiptið til að segja að Marco hafi átt að vinna við þetta verkefni. Ákærði kvaðst hafa verið mjög stressaður. Hann hafi því sagt það sem hann þurfti til að komast frá þessu. Hann væri ekki stoltur af því að hafa borið manneskju röngum sökum og að honum liði illa yfir því að Marco væri í vandamálum vegna þess. Hann hefði hins vegar sagt sannleikann fyrir dómi. Þá bað ákærði Marco og fjölskyldu hans afsökunar. Ákærði kvaðst hafa hugleitt að óska eftir nýrri skýrslutöku og beðið um að fá að gefa nýja skýrslu í gegnum fyrri verjanda.

33. Nánar aðspurður kvaðst ákærði hafa fengið upplýsingar 12. nóvember 2025 um að hann gæti farið til Íslands. Hann hafi farið til Íslands tveim dögum síðar, 14. nóvember, en verið bætt inn í hóp á Signal daginn sem hann staðfesti að hann gæti farið til Íslands, 13. eða 14. nóvember. Ákærði kvaðst hafa fengið þær upplýsingar að hann ætti að taka á móti pakka sem einhver bílstjóri myndi láta hann hafa, geyma pakkann í einn til tvo daga og láta svo aðra manneskju hafa pakkann. Hann hafi ekki fengið frekari upplýsingar. Manneskjan sem taka hafi átt á móti pakkanum hafi ekki verið búin að hafa samband er ákærði hafi verið handtekinn.
34. Nánar aðspurður um samskipti sín og Alberts Einsteins á Signal kvað ákærði Albert vera þann sem hefði beðið hann um að fara til Íslands. Albert hefði sagt honum að tollurinn væri að skoða bílinn, eins og hann geri alltaf. Ákærða hafi grunað að eitthvað væri í bílnum og að eitthvað væri í gangi og sagt að þeir myndu ekki finna neitt. Ákærði kvaðst þekkja alls konar fólk, bæði fólk sem hefði gert löglega hluti en einnig fólk sem hefði gert ólöglega hluti.
35. Ákærði kvað sem fyrr segir að ekki hafi verið rætt um það hvers konar efni hann ætti að taka á móti. Ákærði var spurður út í samtal sem hann átti við meðákærða Ali við afhendingu umrædds pakka 15. nóvember 2025. Kvaðst ákærði hafa greint meðákærða Ali frá því að hann væri með manni sem væri að bíða eftir honum og hann væri á bíl. Hann hafi meint að hann hafi sjálfur þurft að vinna þau verkefni sem hann hafi átt að vinna. Ákærði kvaðst hafa átt að láta Ali vita þegar hann væri búinn að afhenda viðtakandanum pakkann, en best hefði verið að Ali hefði ekki komið með honum. Ákærði hafi hins vegar átt að láta Ali hafa peninga eftir afhendingu pakkans,

sem þeir Ali hafi átt að deila með sér. Það hafi farið í gegnum Albert, sem hafi þekkt tilhögun þess.

36. Ákærði Higor kvaðst ekki hafa vitað að um kókaín væri að ræða fyrr en verjandi hans hefði sagði honum frá því eftir handtöku. Ákærði var spurður út í skilaboð sín til Alberts á Signal þann 15. nóvember 2025 þar sem ákærði greindi Alberti meðal annars frá því að efnið væri komið til hans og skilaboð um að hann hafi látið gamla fara því frændi vilji ekki hafa neinn „þarna“. Svaraði ákærði því þannig að frænda liði illa við að hafa einhvern sem hann ekki þekkti í íbúðinni og að hann myndi aldrei koma með neinn sem hann ekki þekkti í íbúðina. Líklegast væri um að ræða mistök í túlkun.
37. Ákærði kvaðst hafa glímt við mikið þunglyndi og kvíða frá Covid. Kvíðinn væri enn meiri þar sem honum þætti þungbært að hafa sett ábyrgð á Marco, sem væri góður maður, afi og pabbi. Hann hitti Marco alla daga í fangelsinu og það hefði ekki verið rétt að blanda honum í mál sem hann hefði ekki tengst með nokkrum hætti. Ákærði bað um að málið yrði meðhöndlað af sanngirni. Hann kvaðst geta verið mjög rólegur fyrir sína eigin hönd og yfir því að þurfa að vera í fangelsi vegna þess sem hann hefði sjálfur gert, en hann gæti ekki verið rólegur yfir því að saklaus maður sæti í fangelsi vegna þess sem hann hefði sagt en væri ekki satt. Ákærði kvaðst skammast sín mikið og að hann hefði ekki gert það sem hann gerði ef hann hefði vitað að um kókaín væri að ræða.
38. Lögreglumaður nr. A greindi frá því fyrir dómi að lögreglan á Austurlandi, tollgæslan og lögreglumenn frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu hefðu unnið saman í upphafi rannsóknar málsins, en málið hefði byggst á sameiginlegri greiningarvinnu. Grunur hafi verið um að fíkniefni væru í umræddri bifreið. Þá staðfesti vitnið frumskýrslu lögreglu og að vitnið hefði ritað hana.
39. Tollvörður nr. B greindi frá því að tollgæslan hefði tekið umræddan bíl til frekari skoðunar og vísað bílstjóranum til sætis, en það ekki verið fyrir tilviljun. Við skoðun á farangrinum hafi komið í ljós tveir vínkassar, sem virst hafi að geyma aðskotaefni. Aðskotaefnið hafi gefið jákvæða svörun fyrir kókaíni og tollgæslan afhent lögreglu málið, en hún hafi verið á staðnum. Vitnið kvaðst ekki hafa tekið þátt í sjálfri leitinni, en hefði séð pakkana sem efnin hefðu verið í. Kvaðst vitnið einnig hafa séð myndir af efnunum frá þessum tíma. Gerviefnin hafi verið sett í staðinn fyrir upphaflegu

efnin eftir að lögreglan hafi tekið málið yfir. Vitnið kvað tollgæsluna hafa viktað umrædd efni og hafi kassarnir, með öllu sem í þeim hafi verið, verið 10,68 kg að þyngd. Vitnið kvað tollgæsluna hafa afhent lögreglu efnin þannig og hún tekið við. Vitnið sagði efnin hafa fundist í tveimur rauðvínsbeljum. Í hvorum kassa hafi verið tveir pokar, en það hafi litið svo út sem um eðlilega rauðvínsþoka væri að ræða.

40. Lögreglumaður nr. C greindi frá því að lögreglan hefði verið á staðnum að vinna í tveimur málum á sama tíma. Grunur hafi beinst að vínbeljum í kælitösku og vitnið séð að búið hafi verið að eiga við þær. Gerviefni hafi verið sett í stað þeirra efna sem fyrir voru og eftirfararbúnaður settur upp. Ökumaður hafi svo ekið um Norðurland og svo suður til Reykjavíkur. Lögregla hafi fylgt honum eftir. Hann hafi gist á hóteli og morguninn eftir farið og hitt annan mann og þeir heilsast eins og þeir þekktust. Ökumaðurinn hafi afhent þeim manni pakka og sá svo farið og beðið eftir öðrum, fíktað í síma sínum og svo verið tekinn upp í bílinn. Ökumaðurinn hafi farið aftur á hótél sitt en lögregla fylgt hinum mönnunum eftir og handtekið þá.
41. Nánar aðspurt kvað vitnið Lögreglustjórann á höfuðborgarsvæðinu hafa fengið beiðni um aðstoð á Austurlandi vegna gruns um fíkniefnainnflutning. Einn poki með vökva hafi fundist í hvorri rauðvínsbelju, en í annarri hafi jafnframt verið annar poki með rauðvíni, sem hafi verið þræddur í gegnum stút beljunnar. Vitnið kvaðst hafa verið viðstatt viktun efnanna, en efnið hafi verið viktað í umbúðunum á staðnum. Efnin hafi verið afhent tæknideild lögreglunnar en vínpokinn ekki.
42. Vitnið kvað lögreglustjórinn á Austurlandi hafa tekið ákvörðun um að skipta upphaflegu efnunum út fyrir gerviefni. Vitnið hafi svo skipt efnunum út og notað sömu kassana. Vitnið kvaðst einnig hafa fylgst með er ökumaður bifreiðarinnar, ákærði Ali, hafi afhent rauðvínsbeljurnar til meðákærða Higos í Reykjavík, en Ali hafi rétt Higor beljukassana eins og þeir voru og Higor sett rauðvínsbeljurnar í innkaupapoka. Vitnið kvaðst enn fremur hafa séð er ákærði Higor kom innkaupapokanum með rauðvínsbeljunum fyrir í farangursgeymslu í bifreiðinni sem hann var sóttur á. Vitnið kvaðst sömuleiðis hafa tekið ákvörðun um að stöðva för bifreiðarinnar þar sem ekki hafi verið hægt að elta bifreiðina frekar, en lögregla hafi ekki vitað á þeirri stundu hvaða menn þetta væru. Sagði vitnið jafnframt að annars vegar fjórir lítrar og hins vegar fimm lítrar af kókaínvökva hefðu verið í rauðvínsbeljunum. Lögg af rauðvíni hafi sömuleiðis verið í annarri þeirra og hún þrædd inn í tappann þannig að rauðvín hafi komið út.

43. Lögreglumaður nr. D kvaðst hafa tekið allar framburðarskýrslur lögreglu í málinu, þ.m.t. skýrslur af ákærða Higor. Vitnið kvaðst ekki geta tekið undir það að ákærði Higor hefði ekki verið hæfur til að gefa skýrslu. Þá kannaðist vitnið ekki við að harðræði eða þvingun hefði verið beitt við skýrslutökur. Vitnið kvaðst þó skilja að það virtist vera íþyngjandi þegar svör manna pössuðu ekki við hrágögn máls.
44. Vitnið kvað málið hafa hafist út frá greiningu hjá lögreglunni og tollinum á Austurlandi. Leitað hafi verið til Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og vitninu falið að vinna að málinu undir stjórn lögreglufulltrúa. Kvaðst vitnið hafa farið austur en ekki hafa verið viðstatt er efnin fundust. Vitnið hafi aldrei séð efnin sem tekin hafi verið og ekki verið viðstatt er búnaði hafi verið komið fyrir í umræddum bíl eða gerviefnum skipt inn fyrir raunveruleg efni.
45. Vitnið greindi frá því að framburður ákærða Higors hefði breyst frá fyrstu skýrslu til þeirrar síðustu og tekið mið af því sem fram hafi komið við rannsókn málsins en Higor hafi stundum svarað út í hött. Ekki hafi verið búið að vinna gögnin við fyrstu skýrslu en málið hafi skýrst eftir því sem á rannsóknina hafi liðið. Vitnið sagði þá Albert Einstein og Mad Drugs augljóslega skipuleggjendur innflutningsins og ekki hafi farið á milli mála að ákærði Higor hafi komið hingað til lands vegna þessa tiltekna máls. Um keðju hafi verið að ræða og menn gegnt mismunandi hlutverkum í henni. Vitnið sagði að ákærði Higor hafi fyrst sést þegar hann hafi tekið við pakknum í Reykjavík, en vitnið kvaðst ekki hafa tekið þátt í handtöku hans og meðákærða Marcos. Sagði vitnið að stór hópur lögreglumanna hefði komið að málinu.
46. Vitnið mundi ekki til að ákærðu hefðu verið mótmæltir því að gefa aðgangsnúmer síma sinna, en minna af gögnum hefði fundist í síma Marcos. Hann hefði ekki verið í Signal-hópnum. Marco hafi komið með ákveðna frásögn í upphafi og lýst yfir algeru sakleysi. Síðar hafi komið í ljós samskipti Higors og Marcos á WhatsApp. Augljóst hafi verið að Marco hafi vitað að Higor hafi verið að hitta annan mann, en Marco samt kosið að ljúga um það í skýrslutöku. Þá hafi einnig komið fram í hleruðu samtali meðákærðu Higors og Alis að Marco væri inni í málinu. Higor hafi einnig lýst aðkomu Marcos að málinu í skýrslutöku. Staðfestingin á því hafi komið frá Higor. Grunur lögreglu um aðild Marcos að málinu hafi byggst á framburði Higors, WhatsApp-samskiptum og því að Marco hafi sagt ósatt við skýrslutöku. Sagði vitnið Mad Drugs vera sameiginlegan vin Marcos og Higors.

47. Sérfræðingur lögreglu nr. E staðfesti efnaskýrslu og myndir sínar í málinu. Efnin hafi komið til tæknideildar Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu í því formi sem sjá megi af myndum. Tæknideildin hafi framkvæmt vökvapróf og hluti efnisins verið sendur til Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði. Álpokum, sem verið hafi í rauðvínsbeljunum tveimur (pappakössum), hafi verið umhellt í mælikönnur. Þau hafi verið tvö á staðnum er þetta hafi verið gert og skrifað bæði undir efnaskýrsluna. Vitnið kvaðst hins vegar hafa eitt tekið ljósmyndirnar í málinu. Sagði vitnið jafnframt að enginn greinarmunur væri gerður á basa og klóríði.
48. Vitnið F, [...] hjá Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði, staðfesti matsgerðir stofnunarinnar í málinu. Um tvö sýni hafi verið að ræða. Basi sé reyktanlegur, en hægt sé að sprauta sig með kókaínklóríði en það efni sé ekki reykt. Um sé að ræða annað form af sama efni. Það efni sem rannsakað hafi verið hafi innihaldið 46% af hreinu kókaíni en sé miðað við að meðaltalsstyrkur neysluskammta sé 76%, líkt og verið hafi í Danmörku 2023, samsvari það um 6,2 kg af efni til neyslu. Vitnið sagði að ætíð sé miðað við kókaínið sjálft og það mælt, en ekki kókaínklóríð (í vökvaformi). Magn af kókaíninu sjálfu sé alltaf hið sama, hvort sem um sé að ræða basa eða klóríð. Hægt sé að neyta efnis eins og það hafi verið þarna og hægt að fá það á fast form með vægri uppgufun. Miðað við forsendur í matsgerð II og að efnið hafi innihaldið 46% hreint kókaín hafi verið um 6,2 kg af neysluefni að ræða, miðað við 76% styrk neysluskammta.

III

Niðurstaða varðandi sekt eða sýknu

49. Samkvæmt 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála metur dómari hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, þar á meðal hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða og vitna hafi, sem og skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn. Samkvæmt 108. gr. sömu laga hvílir sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik, sem telja má honum í óhag, á ákærvaldinu. Í því felst að telji dómari skynsamlegan vafa leika á um að ákærði hafi framið þann verknað sem honum er gefinn að sök í máli, þá leiðir það til sýknu ákærða. Samkvæmt 1. mgr. 111. gr. nefndra laga skal dómur reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi.

50. Samkvæmt 115. gr. laga nr. 88/2008 skal dómari meta sönnunargildi framburðar ákærða, þar á meðal trúverðugleika hans, við úrlausn máls. Í því samhengi skal meðal annars hugað að ástandi og hegðun ákærða við skýrslugjöf og stöðugleika í frásögn hans. Samkvæmt 126. gr. sömu laga ber dóminum einnig að huga að sönnunargildi vitnisburða við úrlausn máls. Ber dóminum í því samhengi meðal annars að líta til afstöðu vitnis til ákærða og eftir atvikum brotþola, hagsmuna vitnis af málsúrslitum, áreiðanleika skynjunar þess á atvikum, minnis, ástands og hegðunar þess við skýrslugjöf og síðast en ekki síst öryggis vitnis og skýrleika í svörum, sem og samræmis í frásögn þess.

1

51. Eins og rakið er hér að framan fundust þau fíkniefni sem um ræðir í málinu, alls 9000 ml af kókaíni, við leit í bifreiðinni [...] við komu hennar til landsins með Norrænu 12. nóvember 2025. Höfðu fíkniefnin verið falin í tveimur rauðvínskössum, svonefndum rauðvínsbeljum, nánar tiltekið í álpokum í pappakössum sem báru merkingar um að í þeim væri rauðvín. Hafði rauðvínskössunum verið komið fyrir í kælitösku í bifreiðinni.

52. Upplýst er í málinu að um kókaínklóríð var að ræða en ekki kókaínbasa, líkt og í ákæru greinir. Að mati dómsins hefur það þó ekki áhrif við úrlausn málsins hvort heldur var, enda aðeins um að ræða mismunandi form á sama efni, kókaínbasa og kókaínklóríð, sem eru í báðum tilvikum kókaín, líkt og ráða mátti af framburði vitnisins F, [...] hjá Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði, fyrir dómi. Var málið flutt með tilliti til þessa og verður ekki séð að vörnum ákærðu hafi verið áfátt þótt um kókaínklóríð hafi verið að ræða en ekki kókaínbasa, enda hvort tveggja kókaín eins og áður segir.

53. Upplýst er einnig í málinu að ákærði Ali Aoudia flutti umrædd fíkniefni hingað til lands í bifreiðinni [...] og eftir þeirri leið sem lýst er í verknaðarlýsingu ákærunnar. Þá verður jafnframt að telja upplýst, með hliðsjón af gögnum málsins og framburðum vitna fyrir dómi, að kókaínið hafi verið haldlagt við komu hingað til lands og gerviefnum komið fyrir í stað efnanna sjálfra.

54. Verður einnig við það miðað, að virtum gögnum málsins og því sem fram hefur komið í málinu, að ákærði Ali hafi ekið með gerviefnin um Norðurland og suður til Reykjavíkur, þar sem hann afhenti þau meðákærða Higor þann 15. sama mánaðar, er

þeir hittust í Brautarholti, eins og í ákæru greinir. Þá er enn fremur upplýst að ákærði Higor tók við efnunum af ákærða Ali með þeim hætti og á þeim stað sem tilgreindur er í ákæru, setti þau í farangursgeymslu bifreiðarinnar [...], sem meðákærði Marco ók, svo og að ákærðu Higor og Marco voru handteknir skömmu síðar, eftir eftirför lögreglu, með gerviefnin í bifreiðinni.

55. Af verknaðarlýsingu ákærunnar stendur hins vegar eftir álitaefnið um það hvort ákærðu hafi staðið saman að umræddum innflutningi og þá kannski ekki síst hvort ákærði Marco hafi átt þátt í honum, en því neituðu ákærðu Higor og Marco fyrir dómi og Marco sömuleiðis fyrir lögreglu. Þá stendur enn fremur eftir hvort til hafi staðið að vinna efnin frekar og hvort þau hafi verið ætluð til söludreifingar hér á landi í ágóðaskyni, en ákærði Higor bar sem fyrr segir fyrir dómi að hann hafi aðeins átt að taka við efnunum, sem hann hafi ekki vitað hver væru, geyma efnin um tíma og afhenda ónafngreindum aðila efnin síðan hér á landi.

2

56. Eins og áður segir eru meðal gagna málsins lögregluskýrslur um samskipti í gegnum samskiptaforritið Signal, sem ákærðu Ali og Higor komu meðal annars að. Meðal þess háttar skýrslna er skýrsla um samskipti ákærða Alis við Albert Einstein föstudaginn 14. nóvember 2025 þar sem Ali greinir Alberti frá því að hann sé kominn á hótélherbergi sitt eftir langan akstur og að hann sé þreyttur. Albert tilkynnir Ali jafnframt að hann muni hitta [vin Alberts] morguninn eftir. Samskiptin halda svo áfram daginn eftir, 15. sama mánaðar, þar sem Ali greinir Alberti frá því að hann sé aftur kominn á hótélherbergi sitt, að því er virðist eftir að hafa hitt [vin Alberts]. Greinir Ali Alberti einnig frá því að vinur hans hafi gefið til kynna að hann ætti ekki að fara með honum, þar sem það væri öruggara og hann vildi ekki að hinn vinur hans hittu Ali.
57. Í skýrslu sem unnin er vegna Signal-samskipta á milli Alberts Einsteins og ákærðu Higors og Alis eru rakin samskipti þeirra þriggja þann 15. nóvember 2025, daginn sem Ali afhenti Higor efnin í Brautarholti. Má af samskiptunum ráða hvernig ákærðu Ali og Higor mæltu sér mót fyrir framan Eyja hótél, með aðkomu Alberts Einsteins, sem bætti ákærða Ali í hópinn. Albert segir Ali að meðákærði Higor þekki hann og segir þeim síðan að eyða öllu. Í skýrslu sem unnin var upp úr síma ákærða Higors

- kemur fram að Albert Einstein hafi augljóslega gefið ákærða Higor fyrirmæli um hvar og hvenær hann ætti að hitta meðákærða Ali.
58. Meðlimir spjallhópsins Grupo House á Signal voru sem fyrr segir þrír samkvæmt skýrslu lögreglu sem unnin var upp úr samskiptaforritinu Signal og síma ákærða Higos, Albert Einstein, Mad Drugs og Rivo Trill, en þar mun vera um að ræða ákærða Higor. Albert Einstein og Mad Drugs eru hins vegar óþekktir, en fram kemur í gögnum málsins að hinn síðarnefndi sé vinur ákærðu Higos og Marcos, Luke eða Lukas að nafni, og að hann hafi tengt þá tvo við Albert Einstein.
59. Kemur fram í skýrslu lögreglu að Albert Einstein hafi sent skilaboð á Grupo House-spjallhópinn þann 12. nóvember 2025, eftir að ákærða Ali hafði verið gert að skilja bílinn eftir en honum leyft að fara fótgangandi inn í Seyðisfjörð, um að þeir ætluðu að leita í allri bifreiðinni en myndu ekki finna neitt. Klukkan 13:49 sama dag sendi Albert skilaboð á hópinn um að skipið væri lent, eftir að Ali hafði fengið bifreiðina afhenta á ný.
60. Má einnig ráða af samskiptum meðlima Grupo House-hópsins á Signal að ákærði Higor hafi sent skilaboð á hópinn kl. 20:24 að kvöldi 14. nóvember 2025 og tilkynnt að þeir væru „í heilaga landinu“. Albert sendi honum eftirfarandi skilaboð til baka: „11:00 á morgun“. Higor svarar: „Hittum við hann á morgun kl. 11?“. „Rétt bro“, svarar Albert þá og segir frá því að [Ali] hafi beðið um að hafa það kl. 11, hann hafi verið að koma og væri mjög þreyttur. Higor staðfestir þetta.
61. Samskipti meðlima Grupo House á Signal héldu áfram laugardaginn 15. nóvember 2025. Kom þar meðal annars fram að ákærði Higor hefði hugleitt að bóka annað Airbnb til að rugla viðskiptavininn og til að flagga ekki því heimilisfangi sem þeir væru í af því að þar væri mjög þægilegt. Klukkan 10:39 sendi ákærði Higor svo eftirfarandi hljóðskilaboð á hópinn: „Þetta er komið til mín, við förum aftur að vinna. Ég lét gamla fara, ok? Af því að „frændi“ vill ekki hafa neinn þarna og hann sagði að það væri best að taka göngutúr á götunni til að flagga ekki neitt, og hér erum við allir „fjölskylda“.“
62. Meðal gagna málsins er sem fyrr segir skýrsla sem unnin er upp úr samskiptaforritinu WhatsApp um samskipti ákærðu Higos og Marcos, frá föstudeginum 14. nóvember 2025 til laugardagsins 15. sama mánaðar, er þeir voru handteknir eins og áður segir. Hinn 15. nóvember sendi Higor Marco svohljóðandi hljóðskilaboð: „Frændi, gott að

ég sendi heimilisfangið, „son of a bitch“ stoppaði þremur götum fyrir neðan, djöfull!“ Marco svarar: „Ég tók bílinn frá staðnum sem ég var og lagði bílnum fyrir framan staðinn sem ég fór, og ég er að labba aðeins, vertu rólegur, ég bíð eftir þér.“ Higor sendir Marco staðsetningarpílu og segir: „Ef þú getur hitt mig hér, þetta er lítil og róleg gata, það er ekki neitt hér og ekkert í gangi. Það er bílaplan hér. Ég er að fara að hitta manninn og svo get ég hitt þig hér, er það í lagi?“ Marco segir það vera sjálfsagt. Þeir eiga síðan frekari samskipti um það hvar Marco eigi að taka Higor upp í bifreiðina [...].

3

63. Ákærði Ali, sem neitar sök í málinu, kaus ýmist að neita að tjá sig eða neitaði sök við fyrstu yfirheyrslu hjá lögreglu 15. nóvember 2025. Kvaðst hann hafa komið hingað til lands sem ferðamaður. Hann hafi verið beðinn um það af frönskum vini sínum að taka með pakka, sem hann hafi haldið að innihéldi rauðvín eða hvítvín, og afhenda manni hér á landi pakkann sem gjöf. Í yfirheyrslu 20. sama mánaðar viðurkenndi ákærði að hann hefði haft grun um „eitthvað“ eftir að bifreið hans hafði verið tekin til ítarlegrar skoðunar af tollyfirvöldum og hringt í umrædda manneskju, sem hafi sagt honum að hafa ekki áhyggjur, því „þetta fyndist aldrei“ og hann ætti að láta tiltekinn mann hafa „þetta“. Í sömu skýrslu lýsti ákærði því að honum hefði verið sagt að „þetta væru eiturlyf“. Kvaðst Ali hafa tekið við pakknum í Frakklandi af [...] manni, sem hann vildi ekki ræða af ótta við að setja fjölskyldu sína í hættu. Hann hafi svo afhent pakkann meðákærða Higor hér á landi. Þar með hafi hlutverki hans verið lokið.
64. Ákærði valdi að svara ekki spurningum fyrir dómi frá öðrum en verjanda sínum en las þess í stað upp yfirlýsingu. Kvaðst ákærði í yfirlýsingu sinni ekki hafa haft hugmynd um hvað um ræddi. Hann hefði fengið vín að gjöf og verið beðinn um að fara með það til Íslands og afhenda það manni þar. Tollskoðun hafi tekið fjórar klukkustundir og hann haft áhyggjur. Maður hafi haft samband við hann á hóteli og útskýrt hvað þetta væri en hann þyrfti ekki að hafa nokkrar áhyggjur. Ákærði hefði velt því fyrir sér að henda því sem hann hafi komið með en ákveðið að gera það sem honum hafi verið sagt að gera. Nánar aðspurður af verjanda sínum staðfesti ákærði að hann hefði haft óljósan grun um að eitthvað væri ekki eins og það ætti að vera en hann ekki vitað hvað.

65. Ákærði Higor, sem einnig neitar sök í málinu, kvaðst við skýrslutöku 15. nóvember 2025 hafa komið hingað til lands til að njóta norðurljósanna með Marco, frænda sínum. Þeir hafi hist í Mílanó og komið saman hingað til lands, en Marco færi héðan til **Brasilíu**. Vinur ákærða, Albert að nafni, hafi hringt og spurt hann hvort hann gæti hitt annan vin hans og geymt gjöf fyrir sig þar sem viðtakandinn væri á ferðalagi. Higor kvaðst hafa hitt þann vin, talað við hann og sagt honum að hann væri hér á landi með frænda sínum. Vinurinn hafi sagt að þeir ættu að hittast aftur. Kvaðst Higor ekki vita hvernig Albert hafi vitað að hann væri á Íslandi. Ákærði kvaðst ekki þekkja meðákærða Ali og þetta hefði verið í fyrsta skipti sem hann hitti hann, en hann hefði látið hann fá box. Kvaðst Higor fyrst í yfirheyrslunni vera að átta sig á að „þetta“ væri mögulega eitthvað ólöglegt.
66. Í annarri skýrslu sinni hjá lögreglu, 20. sama mánaðar, kvaðst ákærði á Spáni hafa kynnst manni sem hétu Albert. Hann hafi spurt sig hvort hann gæti geymt pakka fyrir hann á meðan hann væri á Íslandi. Þegar hann hafi spurt hvað væri í pakkanum hafi hann fengið það svar að þetta væri gjöf. Honum hafi þótt það smá skrítið og þá verið sagt að ef hann gerði þetta myndi það standa undir kostnaði við ferðalagið til Íslands. Higor kvaðst hafa átt í samskiptum við tvo hópa á Signal, annars vegar með Alberti og sameiginlegum vini þeirra, Lukas eða Luke, og hins vegar með Alberti og þeim manni sem myndi afhenda honum pakkann hér á landi. Ákærði kvaðst hafa kíkt í kassann sem hann tók við og í honum verið tvær pakkningar af drykkjum. Hann hafi svo látið hópinn, sem í voru hann, Albert og sameiginlegur vinur þeirra, vita. Ákærði kvaðst ekki vita hver það væri sem taka ætti við pakkanum hér á landi eða hvernig það hefði átt að gerast. Higor sagði jafnframt að þeir Marco hafi beðið eftir leiðbeiningum, þeir hafi átt að gera sitt og meðákærði Ali sitt. Ákærði kvaðst ekki hafa átt að koma kókaíninu úr vökvanum. Er ákærði var spurður út í hlutverk meðákærða Marcos svaraði ákærði: „Þetta gæti verið hættulegt fyrir mig, að segja frá þessu. Ég er bara sú manneskja sem átti að taka við þessu og koma þessu áfram.“ Skömmu síðar sagði hann að hlutverk Marcos hefði verið að taka kassana og gera sína vinnu. Síðan hafi átt að afhenda „þetta“ eitthvað annað. Er ákærða var bent á að segja sannleikann kvaðst hann óttast um fjölskyldu sína. Hann hefði komist í samband við Albert, sem hann hefði aldrei hitt, í gegnum Luke. Albert hefði boðið honum verkefni á Íslandi. Hann hafi átt að hitta manneskju hér á landi, sem myndi afhenda honum eitthvað. Hann hafi átt að láta meðákærða Marco fá „þetta“ og hann

átt að vinna með „þetta“. Þeir hafi svo átt að afhenda annarri manneskju „þetta“. Sjálfur hafi hann haldið að um MDMA væri að ræða.

67. Ákærði Higor var yfirheyrður í þriðja skiptið hjá lögreglu þann 21. nóvember 2025. Var hann við það tilefni spurður út í ummæli sem hann hafði látið falla við meðákærða Ali er hann tók við efnunum hjá honum: „Vinur minn ætlar að bíða eftir mér. Við erum að fara að vinna.“ Sagðist ákærði hjá lögreglu þar hafa átt við sama mann og var að bíða eftir honum er hann sótti pakkann til Alis og verið með honum er hann hafi verið handtekinn [meðákærða Marco]. Kvað Higor leiðbeiningar Alberts hafa verið þær að hann hafi átt að láta vita þegar meðákærði Marco væri búinn að vinna úr efnunum. Sagði Higor sömuleiðis að Marco hefði hvorki viljað að hann né Ali yrðu viðstaddir á meðan hann ynni úr efnunum. Þá hafi hann ekki viljað að Ali vissi af Marco. Aðspurður um hlutverk Marcos sagði Higor að hann hefði átt að taka vökvann og breyta „því“ í endanlega vöru, en Higor sagði að Marco og Lukas þekktust. Hann kvaðst hins vegar ekki vita hvort Marco þekkti Albert. Lukas hefði tengt þá við Albert. Sagðist Higor vera tengdur fjölskyldu Marcos. Þau þekktu fjölskyldu hans og hann væri hræddur um að þeir myndu gera fjölskyldu sinni eitthvað. Þess vegna hefði hann ekki sagt rétt frá.
68. Ákærði Higor greindi frá því fyrir dómi að meðákærði Marco hefði ekki átt nokkra aðkomu að innflutningi nefndra efna. Ákærði hefði boðið honum með til Íslands þar sem Marco hefði lýst áhuga á landinu. Marco hefði verið mjög spenntur að koma með en ekki vitað hvers vegna hann væri að fara til Íslands. Hvað eigin aðkomu varðaði var framburður ákærða Higors áþekkur og í síðari skýrslum hans hjá lögreglu. Ákærði bar að lögreglumaður hefði þvingað hann tvisvar á meðan hann hafi verið í skýrslutöku til að hafa áhrif á framburð hans, til að fá það sem hann vildi heyra, auk þess sem hann hafi þjáðst af þunglyndi og kvíða og verið án nauðsynlegra lyfja. Hlutir sem hann hafi átt að hafa sagt um Marco hafi hann aldrei rætt um en lögreglumaðurinn hafi þvingað hann í seinna skiptið til að segja að Marco hafi átt að vinna við þetta verkefni. Ákærði kvaðst hafa verið mjög stressaður og við það að fá kvíðakast. Hann hafi því sagt það sem hann þurfti til að komast frá þessu. Hann væri ekki stoltur af því að hafa borið manneskju röngum sökum og að honum liði illa yfir því að Marco væri í vandamálum vegna þess. Hann hefði hins vegar sagt sannleikann fyrir dómi.

69. Ákærði Marco, sem staðfastlega hefur neitað sök frá upphafi málsins, kvaðst við yfirheyrslu hjá lögreglu þann 15. nóvember 2025 ekki vita hvers vegna hann væri í haldi lögreglu. Hann hefði komið daginn áður til landsins og verið einn, en hitt í flugvélinni mann sem hann þekkti frá Barcelona, Higor. Þeir væru vinir frá Barcelona. Kvaðst Marco hafa komið hingað til lands til að ferðast um landið og sjá norðurljósin. Þeir Higor hefðu farið í matvöruverslun daginn eftir komu hingað til lands og Higor horfið um stund. Hann hafi komið aftur stuttu síðar og sett poka í skottið á bifreiðinni. Kvaðst Marco ekki hafa vitað að Higor ætlaði að hitta einhvern fyrir utan matvöruverslunina.
70. Marco var yfirheyrður á ný hjá lögreglu 20. nóvember 2025. Sagði hann þá að Higor hefði farið úr matvöruversluninni og hitt einhvern sem hann vissi ekki hver væri. Hann hafi fært bifreiðina og tekið Higor upp í hana. Higor hefði þá sett eitthvað í bílinn sem Marco vissi ekki hvað hefði verið. Þeir hefðu verið stöðvaðir skömmu síðar.
71. Fyrir dómi lýsti ákærði Marco því að þeir Higor hefðu komið til Íslands í nóvember með sömu flugvél. Daginn eftir komuna hingað til lands hafi þeir farið í matvöruverslun og Higor þá farið út þar sem hann hafi heyrt í vini sínum. Ákærði kvaðst fyrst hafa fengið að vita það er hann var inni í matvöruversluninni að Higor ætlaði að hitta einhvern, sem ákærði kvaðst ekki hafa vitað hver væri. Marco kvaðst hafa sagt við Higor að hann skyldi fara en að hann myndi bíða eftir honum. Higor hafi svo sent honum skilaboð og sagt honum að sækja sig í götuna á bak við búðina, sem væri lítil og róleg gata. Marco kannaðist aftur á móti ekki við framburð sinn hjá lögreglu um að hann hefði ekki vitað hvort Higor hafi ætlað að hitta einhvern. Ákærði kvaðst hafa keypt vörurnar og beðið í bílnum eftir Higor, sem hafi sent honum textaskilaboð með upplýsingum um hvar hann væri. Hann hafi beðið hann um að koma þangað og sækja sig. Hann hafi tekið hring og sótt meðákærða.
72. Ákærði kvaðst hvorki hafa vitað né séð hvað Higor hafi komið með og sett í farangursgeymslu bifreiðar þeirra er hann hafi komið aftur eftir að hafa farið í burtu, en ákærði hefði þá setið inni í bílnum. Ákærði kvaðst ekki hafa fengið að vita að um fíkniefni væri að ræða fyrr en í annarri skýrslutöku hjá lögreglu og það væri ekki rétt, sem fram hefði komið í skýrslu Higors hjá lögreglu, að hann og Marco hefðu átt að vinna efnin og þau síðan átt að fara annað. Ákærði kvaðst ekki vita hvers vegna Higor hefði sagt þetta og ekki gera sér grein fyrir því um hvaða vinnu Higor væri að ræða.

73. Ákærði Ali hefur gefið takmarkaðan framburð, bæði fyrir lögreglu og fyrir dómi, en framburður hans er að mestu leyti trúverðugur svo langt sem hann nær, sbr. 115. gr. laga nr. 88/2008. Eigi að síður verður að ætla að vitneskja hans og aðild að málinu sé meiri en hann sjálfur hefur viðurkennt. Sekt ákærða Alis telst að mati dómsins sönnuð með framburði hans sjálfs, framburði meðákærða Higers hjá lögreglu og fyrir dómi og með þeim gögnum sem lögð hafa verið fram í málinu, þ.m.t. skýrslum um samskipti hans við Albert Einstein og Higor, skýrslum varðandi haldlagningu og efnagreiningu þeirra efna sem hann flutti hingað til lands, skýrslum lögreglu um eftirför og afhendingu gerviefna til Higers að morgni 15. nóvember 2025 og framburðum vitna fyrir dómi, þ.m.t. lögreglumanna. Verður að ætla að hlutverk ákærða í fíkniefnainnflutningnum hafi verið að taka við efnunum ytra, flytja þau hingað til lands og afhenda þau hér meðákærða Higor. Þá þykir ekki varhugavert að ætla, með hliðsjón af því sem fram er komið í málinu, þ.m.t. skýrslum um hlerað samtal Alis og Higers við afhendingu umræddra gerviefna, að ákærði hafi vitað af því að hann var að flytja ólögleg fíkniefni hingað til lands.
74. Framburður Higers fyrir dómi var að mörgu leyti í samræmi við gögn málsins hvað hans þátt varðar og telst vera trúverðugur að því marki sem hann var í samræmi við síðari framburði ákærða hjá lögreglu og gögn málsins, sbr. 115. gr. laga nr. 88/2008. Þykir, með hliðsjón af framburði ákærða fyrir lögreglu og fyrir dómi, svo og öðrum gögnum málsins, þ.m.t. skýrslum lögreglu um samskipti ákærða við aðra á samskiptaforritinu Signal og á WhatsApp, sem rakin eru hér að framan, skýrslum um móttöku hans á gerviefnum í Reykjavík og því að hann var handtekinn með þau efni í vörslum sínum og framburðum vitna fyrir dómi, vera komin fram lögfull sönnun fyrir aðild Higers að umræddum fíkniefnainnflutningi, sem hafi í það minnsta falist í því að taka við fíkniefnum af meðákærða Ali og afhenda þau ónafngreindum þriðja aðila hér á landi eftir frekari vinnslu efnanna.
75. Framburður Higers fyrir dómi um aðkomu Marcos að málinu þykir á hinn bóginn vera ótrúverðugur, sbr. 115. gr. laga nr. 88/2008, enda var sá framburður ekki í samræmi við önnur gögn málsins og fyrri framburði Higers hjá lögreglu. Framburður Higers fyrir lögreglu um þátt Marcos þykir með öðrum orðum að mati dómsins vera mun trúverðugri en framburður hans um þessi atriði fyrir dómi, enda er sá framburður sem Higor gaf fyrir lögreglu um þátt Marcos studdur af öðrum gögnum málsins,

þ.m.t. öðrum hlutum framburðar Higors sjálfs, samskiptum Higors við meðákærða Ali, samskiptum innan hópsins Grupo House á Signal og samskiptum á milli Higors og Marcos á WhatsApp, þ.m.t. að morgni 15. nóvember 2025, skömmu áður en Higor og Marco voru handteknir með gerviefnin í bifreiðinni [...].

76. Hvað varðar ummæli Higors fyrir dómi um að hann hafi verið beittur ólögmati þvingun við skýrslutökur hjá lögreglu og ekki verið í ástandi til að gefa þar skýrslu er til þess að horfa að verjandi var í öllum tilvikum viðstaddur er ákærði Higor gaf skýrslu hjá lögreglu, til að gæta hagsmuna hans þar. Voru sömuleiðis engar athugasemdir færðar í lok skýrslutöku um að ákærði hefði verið beittur þvingunum við skýrslutökuna eða að hann hafi þar ekki verið fær um að gefa skýrslu vegna þunglyndis eða kvíða. Önnur sönnunargögn hafa sömuleiðis ekki verið færð fram um það. Hafa með vísan til þess hvorki komið fram trúverðugar skýringar á breyttum framburði Higors um aðild Marcos að umræddum fíkniefnainnflutningi né vísbendingar um að skýrslutaka af Higor hjá lögreglu hafi verið athugaverð með einhverjum hætti.
77. Að því virtu og af þeim ástæðum verður stuðst við trúverðugan framburð Higors hjá lögreglu, varðandi aðild meðákærða Marcos að innflutningi umræddra fíkniefna, sem fær sem fyrir segir stoð í öðrum gögnum málsins, en ekki á framburði Higors fyrir dómi, enda ekkert sem styður það sem fyrir segir að framburður ákærða fyrir lögreglu hafi verið fenginn fram með ólögmatum þvingunum af hálfu lögreglu eða að sá framburður sem ákærði gaf hjá lögreglu hafi verið rangur.
78. Framburður Marcos fyrir lögreglu og fyrir dómi er að mati dómsins ótrúverðugur, sbr. 115. gr. laga nr. 88/2008, vegna innra ósamræmis og þar sem hann er í andstöðu við trúverðugan framburð meðákærða Higors hjá lögreglu og önnur gögn málsins. Marco greindi meðal annars frá því hjá lögreglu að hann hefði ekki vitað hvort Higor hafi ætlað að hitta einhvern fyrir utan matvöruverslunina að morgni 15. nóvember 2025. Higor hafi ekki verið fyrir utan verslunina er hann hafi komið út en komið stuttu síðar og sett poka í skott bifreiðarinnar [...]. Fyrir dómi greindi Marco hins vegar frá því að hann hefði fengið að vita það er hann hafi verið inni í matvöruversluninni að meðákærði Higor ætlaði að hitta einhvern, sem ákærði kvaðst ekki hafa vitað hver væri. Marco kvaðst hafa sagt við Higor að hann skyldi fara en að hann myndi bíða eftir honum. Higor hafi svo sent honum skilaboð og sagt honum að sækja sig í götuna á bak við búðina, sem væri lítil og róleg gata. Marco kannaðist aftur á

móti ekki við framburð sinn hjá lögreglu um að hann hefði ekki vitað hvort Higor hafi ætlað að hitta einhvern.

79. Samskipti ákærðu Higors og Marcos á WhatsApp að morgni 15. nóvember 2025 staðfesta sömuleiðis að Marco var sá maður sem Higor vísaði til sem „frænda“, sem bæði Higor og Marco könnuðust við fyrir dómi, svo og að Marco hafi vitað af því að Higor ætlaði að hitta annan mann fyrir utan matvöruverslunina, sbr. framburð hans fyrir dómi. Í nefndum samskiptum greindi Higor „frænda“ frá því í skilaboðum að „son of a bitch“ hafi stöðvað þremur götum fyrir neðan. Af samhenginu og öðrum gögnum málsins má ráða að hér hafi Higor átt við meðákærða Ali sem hafi stöðvað þremur götum fyrir neðan og því augljóst að Marco vissi á þessari stundu, að morgni 15. nóvember og áður en hann var handtekinn, að Higor ætlaði að hitta annan mann. Staðfestir þetta einnig að framburður Marcos um það atriði fyrir lögreglu var rangur. Framangreint misræmi í framburði ákærða Marcos verður að mati dómsins ekki skýrt með því að túlkur hafi farið rangt með, enda ekkert sem styður að svo hafi verið. Þá hafa ekki komið fram fullnægjandi skýringar á þessu misræmi í framburði Marcos, sem dregur að mati dómsins úr trúverðugleika framburðar hans í málinu.
80. Í þessu samhengi er einnig til þess að líta að ákærði Higor vísaði ítrekað til hans sjálfs og annars manns í fleirtölu í hleruðu samtali sínu við ákærða Ali við afhendingu efnanna og í hljóðskilaboðum í hópnum Grupo House á Signal, auk þess sem hann ræddi um frænda. Sagði Higor meðal annars í samskiptum innan Grupo House-hópsins að morgni 15. nóvember 2025: „Þetta er komið til mín, við förum aftur að vinna.“ Má af samhenginu og öðrum gögnum málsins ráða að Higor hafi hér verið að tilkynna Alberti Einstein og Mad Drugs að efnin væru komin til hans og að hann og annar maður myndu fara aftur að vinna. Kemur annað vart til greina en að hér hafi ákærði átt við sjálfan sig og meðákærða Marco, enda öðrum ekki til að dreifa í þessu samhengi.
81. Þá sagði Higor einnig í samskiptum sínum við Albert Einstein og Mad Drugs á Signal að hann hafi látið gamla fara af því að „frændi“ vildi ekki hafa neinn þarna, en ákærðu Higor og Marco eru sem fyrr segir sammála um að Higor hafi kallað Marco frænda. Af samhenginu að dæma og öðru sem fyrir liggur í málinu virðist Higor hér hafa átt við að hann hafi sagt meðákærða Ali að fara þar sem „frændi“, þ.e. meðákærði Marco, vildi ekki hafa neinn viðstaddan er hann væri að fullvinna efnin til neyslu.

82. Í hljóðrituðu samtali við Ali sagði Higor jafnframt: „Vinur minn ætlar að bíða eftir mér. Við erum að fara að vinna“, sem stemmir við það að Marco hafi verið að bíða eftir honum og að Higor og Marco hafi í framhaldinu ætlað að hefja störf sín, líkt og Higor greindi Alberti Einstein og Mad Drugs frá á Signal skömmu síðar og Higor greindi lögreglu frá í skýrslu sinni 20. nóvember 2025, þ.e. að Marco ætti að fullvinna efnin til afhendingar til ónafngreinds aðila hér á landi.
83. Bendir allt framangreint til þess að þáttur ákærða Marcos í innflutningi umræddra fíkniefna hafi verið annar og meiri en hann sjálfur hefur viljað kannast við, í samræmi við frásögn meðákærða Higos hjá lögreglu en andstætt framburðum ákærðu Higos og Marcos fyrir dómi og framburð Marcos fyrir lögreglu. Dregur þetta ekki aðeins verulega úr trúverðugleika framburðar Marcos í málinu heldur einnig úr trúverðugleika framburðar Higos fyrir dómi um aðkomu Marcos að fíkniefnainnflutningnum. Verður af þeim sökum að horfa framhjá framburði Marcos í málinu og framburði Higos fyrir dómi, en þess í stað leggja trúverðugan framburð Higos fyrir lögreglu til grundvallar dómi hvað þessi atriði varðar, enda er sá framburður studdur öðrum gögnum málsins eins og áður segir.
84. Að því virtu og þegar gögn málsins eru metin heildstætt, þ.m.t. trúverðugur framburður meðákærða Higos fyrir lögreglu, ótrúverðugur framburður Marcos sjálfs, orð sem Higor lét falla í samskiptum við meðákærða Ali í hleruðum samskiptum þeirra á milli og í hópnum Grupo House, sem rakin eru hér að framan, þar sem ákærði Marco var handtekinn ásamt meðákærða Higor með gerviefnin í bifreiðinni RBL72 í beinu framhaldi af afhendingu meðákærða Ali á efnunum til Higos og að virtum áður nefndum samskiptum Higos og Marcos sjálfs í gegnum WhatsApp 15. nóvember 2025, verður að telja að fram sé komin lögfull sönnun fyrir því að ákærði Marco hafi átt aðild að umræddum fíkniefnainnflutningi. Þykir að öllu framangreindu virtu ekki varhugavert að álykta að þáttur hans hafi falist í því að taka við efnunum eftir móttöku meðákærða Higos á efnunum frá meðákærða Ali, að fullvinna efnin og afhenda þau ásamt Higor til ónafngreinds kaupanda hér á landi, líkt og Higor greindi frá fyrir lögreglu.

85. Þegar allt framangreint og sönnunargögn málsins eru virt með heildstæðum hætti þykir það sem fram hefur komið í málinu eindregið benda til þess að um skipulega

og lagskipta brotastarfsemi hafi verið að ræða, sem ákærðu hafi allir verið þátttakendur í ásamt fleirum og að ákærðu hafi staðið saman að þeim innflutningi sem lýst er í ákæru. Má jafnframt draga þá ályktun af því sem fram er komið í málinu, þ.m.t. af þeim Signal- og WhatsApp-samskiptum sem rakin hafa verið hér að framan og hleruðu samtali ákærðu Alis og Higers, að ákærðu hafi verið það ljóst að þeir væru hluti af verkskiptri keðju, sem fleiri væru þátttakendur í, jafnvel þótt ákærðu hafi ekki þekkt aðra sem í keðjunni voru eða hvert hlutverk hvers og eins væri. Má sömuleiðis ætla af framansögðu að ákærðu hafi öllum verið það ljóst, eða í það minnsta mátt vera það ljóst, að þeir væru að taka þátt í ólögumtri háttsemi sem fælist í innflutningi ólöglegra fíkniefna hingað til lands. Verður að því virtu ekki gert upp á milli þátttöku hvers og eins, heldur við það miðað að þeir hafi allir verið aðalmenn í innflutningi þeirra fíkniefna sem um ræðir hingað til lands. Skiptir engu í því samhengi hvort ákærðu vissu að um kókaín væri að ræða eða ekki, enda létu þeir sér það í það minnsta í réttu rúmi liggja hvers konar efni var um að ræða. Brot ákærðu voru sömuleiðis fullframin, hvað innflutning umræddra fíkniefna varðar, við komu efnanna hingað til lands, en þau voru sem fyrr segir haldlögð á Seyðisfirði 12. nóvember 2025.

86. Verða allir ákærðu samkvæmt framansögðu sakfelldir fyrir þau brot sem þeim eru gefin að sök í ákæru, en sannað þykir að umrædd efni hafi verið ætluð til sölu-dreifingar hér á landi í ágóðaskyni. Eru brot ákærðu sömuleiðis rétt heimfærð til refsíákvæðis í ákæru, með þeirri breytingu einni að vörslur ákærðu Higers og Marcos á fíkniefnunum þykja varða við 173. gr. a almennra hegningarlaga, sbr. 20. gr. sömu laga, þar sem fíkniefnin sjálf höfðu verið fjarlægð úr umbúðum sínum og þeim skipt út fyrir gerviefni, er Higor tók við þeim úr hendi meðákærða Alis og setti í farangursgeymslu bifreiðarinnar [...] sem Marco ók. Er því, hvað þennan tiltekna þátt málsins varðar, um svonefnt pútatívt brot að ræða þar sem telja verður sannað að ákærðu Higor og Marco hafi haft ásetning til að hafa kókaín í vörslum sínum, án þess að sú hafi verið raunin og án þess að vita að efnunum hefði verið skipt út fyrir gerviefni. Sameiginlegur innflutningur allra ákærðu á þeim fíkniefnum sem um ræðir og vörslur ákærða Alis á þeim varða hins vegar eftir sem áður við 173. gr. a almennra hegningarlaga, eins og áður segir og í ákæru greinir.

IV

Niðurstaða varðandi refsingu ákærða og önnur atriði

87. Ákærði, Ali Aoudia, er fæddur í [...]. Verður það virt honum til málsbóta að hann hefur ekki áður hlotið refsingu hér á landi fyrir refsivert brot, sbr. 5. tölulið 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá hafa verið lögð fram gögn fyrir dóminn um að ákærði hafi sýnt af sér góða hegðun á meðan hann hefur setið í gæsluvarðhaldi hér á landi. Verður það metið honum til málsbóta auk þess sem hann hefur lýst yfir iðrun vegna brota sinna, sbr. 8. tölulið 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga.
88. Ákærði, Higor De Souza Bernardo, er fæddur í [...]. Verður það virt honum til málsbóta að hann hefur ekki áður hlotið refsingu hér á landi fyrir refsivert brot, sbr. 5. tölulið 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Þá greindi ákærði hreinskilnislega frá sínum þætti í málinu og lýsti yfir iðrun vegna brots síns, sbr. 8. tölulið 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Ákærði þykir ekki eiga sér aðrar málsbætur.
89. Ákærði, Marco Antonio Raizer Marafon, er fæddur í [...]. Verður það virt honum til málsbóta að hann hefur ekki áður hlotið refsingu hér á landi fyrir refsivert brot, sbr. 5. tölulið 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Ákærði þykir ekki eiga sér aðrar málsbætur.
90. Á móti verður það virt ákærðu til refsipýngingar að ákærðu stóðu saman að brotum sínum, sem voru alvarleg og stórfelld, auk þess sem um mikið magn af hættulegum fíkniefnum var að ræða. Kemur sem fyrir segir fram í matsgerð Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði, dags. 27. nóvember 2025, að efnissýni úr þeim fíkniefnum sem ákærðu fluttu hingað til lands hafi innihaldið 46–47% kókaín. Miðað við neyslustyrkleika kókaíns í Danmörku, sem hafi að meðaltali verið 76% á landsvísu árið 2023, hafi mátt framleiða 6,2 kg af kókaíni úr þeim fíkniefnum sem ákærði Ali flutti hingað til lands í bifreið sinni 12. nóvember 2025. Þá verður að ætla að efnin hafi verið ætluð til söludreifingar hér á landi í ágóðaskyni, sem og að brotavilji ákærðu hafi verið styrkur og einbeittur. Verður með hliðsjón af þessu tekið mið af 1., 3., 6. og 7. tölulið 1. mgr. og 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga við ákvörðun refsingar ákærðu.
91. Með hliðsjón af framangreindu, sakarefni þessa máls og dómvenju þykir refsing ákærða Alis Aoudias hæfilega ákveðin fangelsi í fimm ár. Óslitin gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 15. nóvember 2025 dregst frá þeirri refsingu, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

92. Með hliðsjón af framangreindu, sakarefni þessa máls og dómvenju þykir refsing ákærða Higors De Souza Bernardos hæfilega ákveðin fangelsi í fimm ár. Óslitin gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 15. nóvember 2025 dregst frá þeirri refsingu, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.
93. Með hliðsjón af framangreindu, sakarefni þessa máls og dómvenju þykir refsing ákærða Marcos Antonios Raizers Marafons hæfilega ákveðin fangelsi í fimm ár. Óslitin gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 15. nóvember 2025 dregst frá þeirri refsingu, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.
94. Með vísan til lagaákvæða í ákæru eru gerð upptæk 9000 ml af [kókaíni], REDMI-farsími og tveir Apple-farsímar, en símar þessir voru samkvæmt gögnum málsins notaðir við framkvæmd brota ákærðu.
95. Ákærði, Ali Aoudia, greiði með vísan til 1. mgr. 235. gr., sbr. 1. mgr. 233. gr., laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar St. Ragnarssonar lögmanns, 3.534.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Er þá jafnframt horft til þess að lögmaðurinn var einnig verjandi ákærða á rannsóknarstigi málsins, sbr. 38. gr. laga nr. 88/2008.
96. Ákærði, Higor De Souza Bernardo, greiði með vísan til 1. mgr. 235. gr., sbr. 1. mgr. 233. gr., laga nr. 88/2008 málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Karls Kristjánssonar lögmanns, 2.650.500 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Ákærði greiði samkvæmt sömu lagaákvæðum kostnað vegna verjanda síns á rannsóknarstigi málsins, 1.121.580 krónur.
97. Ákærði, Marco Antonio Raizer Marafon, greiði með vísan til 1. mgr. 235. gr., sbr. 1. mgr. 233. gr., laga nr. 88/2008 málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Bjarna Kristjánssonar lögmanns, 2.650.500 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Ákærði greiði samkvæmt sömu lagaákvæðum kostnað vegna verjanda síns á rannsóknarstigi málsins, 1.280.610 krónur.
98. Ákærðu greiði óskipt annan sakarkostnað málsins, 446.304 krónur, sbr. 2. mgr. 236. gr. laga nr. 88/2008.
99. Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Sigurður Ólafsson saksóknari.
100. Jóhannes Rúnar Jóhannsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Ali Aoudia, sæti fangelsi í fimm ár. Gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 15. nóvember 2025 dregst frá þeirri refsingu.

Ákærði, Higor De Souza Bernardo, sæti fangelsi í fimm ár. Gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 15. nóvember 2025 dregst frá þeirri refsingu.

Ákærði, Marco Antonio Raizer Marafon, sæti fangelsi í fimm ár. Gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 15. nóvember 2025 dregst frá þeirri refsingu.

Ákærðu sæti upptöku á 9000 ml af [kókaíni], REDMI-farsíma og tveimur Apple-farsímum.

Ákærði, Ali Aoudia, greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar St. Ragnarssonar lögmanns, 3.534.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Ákærði, Higor De Souza Bernardo, greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Karls Kristjánssonar lögmanns, 2.650.500 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti og 1.121.580 krónur vegna verjanda síns á rannsóknarstigi málsins.

Ákærði, Marco Antonio Raizer Marafon, greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Bjarna Kristjánssonar lögmanns, 2.650.500 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti og 1.280.610 krónur vegna verjanda síns á rannsóknarstigi málsins.

Ákærðu greiði óskipt annan sakarkostnað málsins, 446.304 krónur.

Jóhannes Rúnar Jóhannsson